

Icelandair Group hf.
Reykjavíkurlflugvelli
101 Reykjavík

Efni: Skilmálar lánsfjármögnunar

Vinsamlegast athugið að allt sem sett er fram í skilmálum þessum er til viðmiðunar eingöngu og skal ekki teljast skuldbinding til þess að veita lán. Ekki skal líta á neina þá skilmála sem fram koma hér að neðan sem tæmandi eða endanlega. Lánveiting samkvæmt skilmálum þessum er háð margvíslegum skilyrðum, m.a. endanlegu samþykki lánanefnda Lánveitenda.

Lántaki: Icelandair Group hf., kt. 631205-1780 (hér eftir Lántaki).

Lánveitendur: Landsbankinn hf., kt. 471008-0280 (hér eftir Landsbankinn) og Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160 (hér eftir Íslandsbanki). Landsbankinn og Íslandsbanki eru hér eftir sameiginlega nefndir Lánveitendur.

Lánsform: Tveir samningar um lánalínu/veltilán, annars vegar á milli Lántaka og Landsbankans og hins vegar á milli Lántaka og Íslandsbanka (hér eftir Samningarnir). Lántaki skal draga til jafns á Samningana í hvert skipti. Hver lánshluti telst vera sjálfstætt lán. Hver lánshluti skal vera til 3 eða 6 mánaða.

Rekstrarlínurnar Núgildandi samningar Lántaka við Lánveitendur um rekstrarfjármögnun, eru tveir, annar að fjárhæð USD 30.000.000 hjá Íslandsbanka og hinn að fjárhæð USD 22.000.000 hjá Landsbankanum (hér eftir Rekstrarlínurnar). Tilgangur Rekstrarlínanna er að fjármagna venjulegar sveiflur í rekstri Lántaka, s.s. vegna árstíðabundinna sveiflna í tekjum. Rekstrarlínurnar eru óádragnar við undirritun skilmálaskjals þessa en Lántaki uppfyllir ekki öll skilyrði til ádráttar. Það er forsenda fyrir fjármögnun skv. Samningunum (skv. skilmálaskjali þessu) að:

- I. Lánveitendur veiti undanþágu frá kvöðum skv. Rekstrarlínunum þannig að Lántaki geti dregið á Rekstrarlínurnar á ádráttartíma Samninganna. Þegar skuld skv. Samningunum hefur verið greidd að fullu og heimild til þess að draga á línurnar skv. Samningunum hefur fallið niður, fellur undanþágan niður og upphaflegir skilmálar Rekstrarlínanna taka gildi.
- II. Skilyrðum fyrir útborgun verði breytt og þau samræmd og verði sömu fyrir Rekstrarlínurnar.
- III. Á ádráttartíma Samninganna sé eina fjárhagslega skilyrðið sem Lántaki þarf að uppfylla til að draga á Rekstrarlínurnar, að eiginfjárhlutfall Lántaka sé ekki lægra en 8%. Það verður ennfremur skilyrði fyrir því að Lántaki geti dregið á Rekstrarlínurnar að eigið fé Lántaka hafi ekki verið lægra en USD

90.000.000 við lok síðasta ársfjórðungs fyrir hvern ádrátt.

- IV. Lántaki dragi á Rekstrarlínurnar í hlutfalli við ofangreindar fjárhæðir, þ.e. ef önnur rekstrarlínan lækkar, s.s. vegna þess að veðandlög verða ekki lengur fyrir hendi, þá skal það ekki hafa áhrif á ádráttarhlutfallið (57,7% og 42,3%) þar til heimiluð lánsfjárhæð annarrar rekstrarlínunnar er komin undir þá fjárhæð sem þarf til þess að standa undir hlutfallinu en þá er heimilt að draga á línurnar í breyttum hlutföllum.

Lántaki skal við hvern ádrátt leggja fram viðeigandi gögn um þróun sjóðstreymis sem veiti fyrirsjáanleika um endurgreiðslu útistandandi lánshluta viðkomandi rekstrarlínu og skal ádrættinum ætlað að mæta venjulegum sveiflum í rekstri Lántaka. Það er skilyrði að ekkert í gögnunum bendi til þess að Lántaki geti ekki endurgreitt útistandandi lánshluta á næsta gjalddaga.

Tilgangur:

Rekstrarfjármögnun með þeim takmörkunum sem fram koma í skilmálum þessum. Til þess að lántaki geti nýtt lán skv. Samningunum þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt. Lánnum skv. Samningunum er ætlað að vera til þrautavara fyrir Lántaka.

Lánsfjárhæð:

Samtals allt að USD 120.000.000 – eithundrað og tuttugu milljónir bandaríkjadalir (hér eftir Lánsfjárhæðin). Lánsfjárhæðin skiptist jafnt á milli Samninganna (50%/50%).

Ádráttartímabilið

Frá undirritun Samninganna til 30. september 2022.

Ádráttarfyrirvari

Lántaki skal senda beiðni um útborgun með a.m.k. 31 daga fyrirvara.

Ádráttarhámark

Ekki er heimilt að draga á Samningana hærri upphæð en samtals USD 20.000.000 yfir hvert 30 daga tímabil.

Lánstíminn:

Frá undirritunardegi Samninganna til 30. september 2025. Eftir að ádráttartímabilinu lýkur skal Lántaki endurgreiða útistandandi fjárhæð ásamt vöxtum á 3 árum með jöfnum afborganum á eins mánaðar fresti.

Vextir, vaxtaálag og notkunarálag:

LIBOR grunnvextir að viðbættu 2,85% álagi (hér eftir Vaxtaálagið). Lántaka skal heimilt að velja á milli 3 eða 6 mánaða LIBOR grunnvaxta í samræmi við vaxtatímabil. Lánveitendum er heimilt að breyta vaxtaálagi á degi sem fellur 24 mánuðum eftir undirritun Samninganna. Breytingar á vaxtaálagi geta m.a., auk annarra ófyrirséðra þátta, tekið mið af rekstrar- og fjármögnunarkostnaði Lánveitenda, opinberum álögum og reglum um eiginfjárbindingu, stýrivöxtum Seðlabanka Íslands,

breytingum á vísitölu neysluverðs o.s.frv. Hlutfall framangreindra þátta í ákvörðun um breytingar á vaxtaálagi er breytilegt og ræðst meðal annars af ákvörðunum opinberra aðila og markaðsaðstæðum hverju sinni. Sömu heimild hafa Lánveitendur ef breytingar verða eftir undirritun Samninganna á atriðum er skiptu máli við mat Lánveitenda á lánshæfi Lántaka og áhættu Lánveitenda af lánum skv. Samningunum, s.s. greiðsluhæfi og greiðslusögu Lántaka, fyrirliggjandi tryggingum fyrir Samningunum og verðmæti þeirra, svo og öðrum atriðum er skipt geta máli við þetta mat Lánveitenda. Við breytingar á vaxtaálagi eru allir þessir þættir metnir saman og/eða hver um sig. Hafi orðið breyting á einhverjum þessara þátta þegar endurskoðun vaxtaálags fer fram getur það leitt til þess að vaxtaálagi verði breytt, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar. Lánveitandi skal tilkynna Lántaka um breytinguna með a.m.k. 30 daga fyrirvara og um þann dag sem breytingin skal taka gildi. Sætti Lántaki sig ekki við ákvörðun Lánveitenda (lánveitanda eftir atvikum) um breytingu á vaxtaálagi er Lántaka heimilt að greiða útistandandi lánshluta skv. Samningunum, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, að fullu upp á endurskoðunardegri vaxta án sérstakrar uppgreiðsluþóknunar, enda greini hann Lánveitendum frá þeirri fyrirætlun með einnar viku fyrirvara. Aðferð við mögulega endurskoðun vaxtaálags verður nánar útfærð í Samningunum.

Til viðbótar við vaxtaálagið er notkunarálag („Utilization fee“) og fer það eftir því hve há fjárhæð er ádregin hverju sinni:

- a) Ef Samningarnir eru ádregnir 0-USD 40M, þá er notkunarálag 0,20%.
- b) Ef Samningarnir eru ádregnir USD 40M-USD 80M, þá er notkunarálagið 0,35%.
- c) Ef Samningarnir eru ádregnir umfram USD 80M-, þá er notkunarálagið 0,50%.

Með LIBOR (London Inter Bank Offered Rate) grunnvöxtum er átt við vexti á millibankamarkaði í London eins og þeir eru birtir kl. 11:00 f.h. að staðartíma í London af ICE Benchmark Administration (ICE LIBOR) á upplýsingasiðum Thomson Reuters eða Bloomberg tveimur virkum dögum fyrir hvert vaxtatímabil. Við útreikning vaxta getur LIBOR þó aldrei orðið lægri en 0,0% (vaxtagólf). LIBOR vextir verða nánar skilgreindir í Samningunum.

Dráttarvextir:

Standi Lántaki ekki skil á greiðslu lánshluta á gjalddaga ber honum að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags.

Dráttarvextir skulu vera samsvarandi því sem lægra reynist af:

- a) Samtölunni af:
 - i. LIBOR grunnvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, og
 - ii. Vaxtaálaginu, og
 - iii. 5% viðbótarálagi, eða

- b) Dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.

Lántökumynt:

Bandaríkjadalir (USD).

Vaxtatímabil:

Lántaka skal vera heimilt að velja vaxtatímabil fyrir hvern láns hluta sem er ýmist þrjú eða sex mánuðir og skulu vextir greiddast á síðasta degi hvers vaxtatímabils. Síðasta vaxtatímabilið getur þó ekki orðið lengra en til lokadags ádráttartímabilsins.

Fyrirframgreiðsla og niðurfelling

Í samningunum verða hefðbundin ákvæði, til viðbótar við þau sem eru í skilmálaskjali þessu, sem kveða á um að heimild Lántaka til þess að draga á Samningana falli niður ef tiltekin atvik eru fyrir hendi og að Lántaka sé þá skylt að fyrirframgreiða útistandandi láns hluta.

Lántaka er heimilt að fella niður Samningana með 15 daga fyrirvara.

Endurgreiðsla:

Ef útistandandi skuld verður fyrir hendi skv. Samningunum á lokadegi ádráttartímabilsins þá skal sú skuld greidd á 3 árum með jöfnum afborgunum á eins mánaðar fresti. Þar sem lánin skv. Samningunum eru svokölluð „síðastur inn – fyrstur út“ lán þá skal endurgreiða lánin eins fljótt og kostur er. Vegna þessa verða skilgreindar aðstæður í Samningunum þar sem Lántaki skal greiða lán skv. Samningunum fyrirfram, s.s. vegna þess að sjóðsstaða Lántaka veitir rými til þess að greiða af lánunum (Cash flow sweep). Fyrirframgreiðsla vegna bættrar stöðu lántaka verður nánar útfært í Samningunum en 75% af frjálsum sjóði skal varið til lækkunar á útistandandi láns hlutum.

Lántökugjald:

0,25% af Lánsfjárhæðinni.

Skuldbindingargjald:

Lántaki skal greiða Lánveitendum skuldbindingargjald sem nemur 0,20% á ársgrunni af óáðregnum hluta Lánsfjárhæðarinnar. Skuldbindingargjaldið skal greiddast á 3 – þriggja mánaða fresti á Lánstímanum og miðast við meðalstöðu ónýtt hluta Lánsfjárhæðarinnar síðustu þrjú mánuði þar á undan.

Annar kostnaður:

Lántaki skal greiða kostnað sem skjalagerð og greiðslur til Lánveitenda kunna að hafa í för með sér samkvæmt verðskrá Lánveitenda eins og hún er á hverjum tíma, svo sem tilkynningar- og greiðslugjald, millifærslukostnað og annan viðskiptakostnað. Þá skal Lántaki jafnframt greiða Lánveitendum allan útlagðan kostnað (þar með talið vegna lögfræðisþjónustu) sem fellur til vegna Samninganna eða tengdra skjala, svo sem vegna samningaviðræðna, ráðgjafar, undirbúnings, skjalagerðar, stofnunar veðréttinda, framkvæmdar eða breytinga á Samningunum.

Kostnaður skal þó ekki nema hærri fjárhæð en 2 milljónir kr.

Tryggingar:

- a) Ríkissjóður Íslands skal ábyrgjast 90% af heildarskuld Lántaka við Lánveitendur samkvæmt Samningunum á hverjum tíma. Ábyrgðin skal vera í formi greiðsluábyrgðar/sjálfskuldarábyrgðar og verður þ.a.l. virk við vanefnd Lántaka. Ábyrgðin verður í bandaríkjadöllum (USD). Lánveitendur samþykkja að Lántaki setji nánar tiltekna eignir að veði til tryggingar þeirri fjárhæð sem ríkissjóður þarf að greiða vegna ábyrgðarinnar.
- b) Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu þess hluta allra láns hluta samkvæmt Samningunum sem ekki er tryggður með ábyrgð ríkissjóðs Íslands eru þær tryggingar sem Lántaki hefur nú þegar lagt fram til tryggingar á öllum skuldum og öðrum skuldbindingum Lántaka við Lánveitendur (allsherjarveð).

Sérstakar skyldur:

Lántaki skuldbindur sig til þess að hlíta eftirfarandi skilmálum Lánveitenda fram til þess tíma að lánalína samkvæmt Samningunum fellur úr gildi eða er sagt upp og allir láns hlutar að fullu endurgreiddir til Lánveitenda:

- a) Að höfuðstöðvar móðurfélags og flugrekstrar verði á Íslandi.
- b) Lántaka skal óheimilt að greiða arð, lækka hlutafé eða kaupa eigin hluti, eða gera annað sem felur í sér að fjármunum eða eignum félagsins er ráðstafað til hluthafa eða tengdra aðila.
- c) Að, á meðan hlutabréf Lántaka eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað í Kauphöll Íslands, muni Lántaki uppfylla lög og reglur varðandi birtingu upplýsinga um afkomu og rekstur.
- d) Að upplýsa Lánveitendur þegar í stað, ef upp koma þær aðstæður, sem heimila Lánveitendum að fella Samningana úr gildi og gjaldfella alla útistandandi láns hluta.
- e) Að uppfylla allar skyldur sem lagðar eru á Lántaka samkvæmt öllum samningum milli Lántaka og Lánveitenda þar með talið samkvæmt veð- og tryggingarskjöllum.
- f) Að hafa ávallt fullnægjandi tryggingar vegna rekstrar og helstu eigna.
- g) Að hafa reikningsskil Lántaka og dótturfélaga hans í samræmi við alþjóðlegan viðurkenndan reikningsskilastaðal (IFRS).

- h) Að sjá til þess að ársreikningur Lántaka sé endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.
- i) Að breyta ekki starfsemi sinni þannig að þörf verði á breytingum á tilgangi félagsins í samþykktum nema að fengnu fyrirfram skriflegu samþykki Lánveitenda.

Lánveitendur áskilja sér rétt til að setja fram frekari skyldur á Lántaka í Samningunum sem Lánveitendur telja nauðsynlegar í samræmi við tilgang lánanna.

Yfirlýsingar Lántaka:

Yfirlýsingar Lántaka í samræmi við hefðbundin ákvæði Lánveitenda. Lánveitendur áskilja sér rétt til að setja fram frekari ákvæði um yfirlýsingar Lántaka sem Lánveitendur telja nauðsynleg í samræmi við tilgang lánanna.

Gjaldfellingarheimildir:

Samningarnir skulu innihalda hefðbundin ákvæði Lánveitenda um heimildir til gjaldfellingar, þ.m.t.:

- a) Ef vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta á einstaka láns hluta hafa varað í 30 daga eða lengur.
- b) Ef Lántaki vanrækir að uppfylla einhverja af öðrum skyldum sínum samkvæmt Samningunum, og sú vanræksla varir lengur en sá tími sem Lántaki hefur til þess að bæta úr vanefndinni.
- c) Ef yfirlýsingar Lántaka samkvæmt Samningunum reynast rangar.
- d) Ef einhverjar upplýsingar Lántaka sem snerta efni Samninganna eða atriði honum tengd reynast hafa verið rangar eða villandi þegar þær voru gefnar Lánveitendum, þannig að Lánveitendur, að eigin mati, hefðu ekki samþykkt lánveitinguna með þeim kjörum sem Samningarnir fela í sér ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir.
- e) Ef Lántaki eða móður- eða dótturfyrirtæki hans inna ekki af hendi greiðslu að fjárhæð USD 5 milljónir eða hærra á gjalddaga samkvæmt einhverjum öðrum samningi sem leggur á hann eða það greiðsluskyldu, og hafi samningurinn verið gjaldfelldur eða honum sagt upp vegna þess, eða ef hann eða það vanefnir annað ákvæði slíks samnings og hafi samningnum verið rift eða hann gjaldfelldur vegna þess.
- f) Ef fjárnám/löggeymsla verður gert/gerð hjá Lántaka, móður- eða dótturfyrirtæki hans eða komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi einhvers þeirra eða eitthvert þeirra leiti nauðasamninga eða eignir einhvers þeirra auglýstar á nauðungaruppboði eða eignir einhvers þeirra kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa.

- g) Ef brotið er gegn ákvæði veð- eða tryggingarskjals þar sem eign eða eignir eru settar að veði til tryggingar skuldum Lántaka við Lánveitendur.
- h) Ef Lántaki ákveður að breyta rekstrarformi sínu, eða ef Lántaki hættir starfsemi eða takmarkar hana verulega eða fjárhagsstaða Lántaka breytist að öðru leyti þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum Samninganna minnkar verulega að mati Lánveitenda.
- i) Ef einhver þau atvik eru uppi sem hafa eða geta haft veruleg áhrif á rekstur Lántaka og getu til þess að uppfylla skyldur sínar samkvæmt Samningunum.
- j) Verði breytingar á yferráðum yfir Lántaka, hvort sem er vegna beinnar eða óbeinnar eignaraðildar að Lántaka, til dæmis vegna sölu, sameiningar eða samruna við önnur félög eða verði félaginu skipt upp í tvö eða fleiri félög eða það yfirtekið.

Lánveitendur áskilja sér rétt til að setja fram frekari heimildir til gjaldfellingar í Samningunum sem Lánveitendur telja nauðsynlegar í samræmi við tilgang lánanna.

Takmörkun á nýtingu láns:

Lántaka skal eingöngu heimilt að nýta lán samkvæmt Samningunum til að standa skil á almennum rekstrarkostnaði Lántaka í samræmi við rekstraráætlun lántaka. Til almenns rekstrarkostnaðar teljast m.a. laun og launatengd gjöld, rekstraraðföng, leiga, önnur rekstartengd gjöld, samningsbundnar afborganir og vaxtagreiðslur í samræmi við rekstraráætlun, olíuvarnir vegna vöru- og þjónustuviðskipta, endurgreiðslur til viðskiptavina og reglubundið viðhald.

Skilyrði fyrir útborgun:

Skilyrði fyrir útborgun samkvæmt Samningunum eru:

- a) Að Lántaki hafi að fullu nýtt, eða komi til með að nýta að fullu á næstu 31 degi, frjálssa sjóði umfram skilgreinda lágmarkssjóðstöðu sem er USD 20.000.000.
- b) Að eiginfjárhlutfall Lántaka sé eigi lægra en 2% Lántaki skal samhliða afhendingu á útborgunarbeiðni afhenda síðasta mánaðarlega uppgjör. Lántaki skal uppfylla framangreind skilyrði fyrir útborgun við afhendingu útborgunarbeiðni og við útborgun lánshluta.
- c) Eigið fé Lántaka hafi ekki verið lægra en USD 25.000.000 við útborgun lánshluta.
- d) Að önnur hefðbundin skilyrði fyrir útborgun samkvæmt Samningunum hafi verið uppfyllt.

Fyrirvarar:

- a) Að fyrirhuguðu hlutafjárútboði Lántaka sé lokið og að hluthafar/fjárfestar hafi skráð sig fyrir lágmarks fjárhæð nýrra hluta í samræmi við skilmála útboðsins.
- b) Að samkomulag náist um endanlega skjalagerð og endanlega skilmála Samninganna.
- c) Að Lántaki hafi afhent Lánveitendum, í ásættanlegu formi að mati Lánveitenda, tryggingar þær sem Lánveitendur gera kröfu um í tengslum við lán samkvæmt Samningunum.
- d) Að ekki komi upp þær aðstæður sem kunna að hljóta af atburðum á erlendum eða innlendum gjaldeyris- og fjármálamörkuðum eða öðrum óviðráðanlegum orsökum sem valda því að Lánveitendur geti ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum eða samkvæmt Samningunum.
- e) Að endanlegir skilmálar og skilyrði lánveitingarinnar hafi verið formlega samþykkt af lánanefndum Lánveitenda og stjórn Lántaka.
- f) Lánveitendur setja þann fyrirvara að endanlegt samkomulag við Ríkissjóð Íslands um fyrirkomulag og framkvæmd ábyrgðarinnar liggur ekki fyrir.

Lög og varnarþing:

Um Samningana skulu gilda íslensk lög og ef ágreiningur rís um réttindi og skyldur aðila samkvæmt samningunum skal mál vegna hans rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Önnur ákvæði:

Lánveitendur áskilja sér rétt til að setja önnur hefðbundin ákvæði og skilyrði í Samningana en tilgreind eru sérstaklega í skilmálum þessum sem og önnur ákvæði eða skilyrði sem Lánveitendur telja nauðsynleg í samræmi við tilgang lánanna. Slík ákvæði skulu þó ekki fela í sér verulegar breytingar frá því sem fram kemur í skilmálum þessum.

25. ágúst 2020

F.h. Landsbankans hf.

F.h. Íslandsbanka hf.

F.h. Icelandair Group hf.